

13. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt, nema með samþykki $\frac{2}{3}$ hluta atkvæða á ársfundi fulltrúaráðs. Tillagna um breytingar skal getið í fundarboði.

14. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 29. nóvember 1989.

Stjórn Bréfaskólans

Helgi Skúli Kjartansson.
Samband ísl. samvinnufél.

Ingibjörg E. Guðmundsd.
Menningar- og fræðslusamb. alþ.

Vigdís Pálsdóttir.
Samband ísl. samvinnufélaga.

Hákon Sigurgrímsson.
Stéttarsamband bænda.

Signý Þórarinsdóttir.
Samband ísl. samvinnufélaga.

Harald Holsvik.
Farmanna- og fiskimannasamband Ísl.

Sigríður Ingimarsdóttir.
Kvenfélagasamb. Ísl.

Sjófn Ingólfsdóttir.
B.S.R.B.

Arnþór Helgason.
Öryrkjabandalag Íslands.

Sigurður Þorsteinsson.
Ungmennafélag Íslands.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. desember 1989.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 403 18. september 1986 um varnir gegn
fisksjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með fiskeldisstöðvum.**

1. gr.

1. mgr. 17. gr. orðist svo:

Forráðamenn fiskeldisstöðva skulu láta fara fram sóttthreinsun á öllum hrognum sem þeir ætla að ala, afhenda til eldis eða koma fyrir til náttúrulegs klaks í ám og vötnum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 66. og 81. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, laga nr. 77/1981 um dýralækna með síðari breytingum og 2. mgr. 11. gr. laga nr. 50/1986 um Rannsóknadeild fisksjúkdóma og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 15. desember 1989.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.